

Skipaskoðunarmenn skulu fá ferðakostnað sinn endurgreiddan eftir reikningi, er skipaskoðunarstjóri samþykkir. Ríkissjóður greiðir þennan kostnað. **153**
6. sept.

2. gr.

Fyrir skoðun og mælingu á skipi til ákvörðunar á hleðslumerkjum þess, skal greiða skoðunarmanni $\frac{1}{3}$ hluta gjalds þess, sem ákveðið er í 58. gr. laga nr. 68/1947, um eftirlit með skipum.

3. gr.

Fyrir eftirlit með smíði tréskipa og óflokkaðra stálskipa skal $\frac{1}{3}$ hluti gjaldsins, eins og það er ákveðið í 55. gr. l. nr. 68/1947, renna í ríkissjóð, en $\frac{2}{3}$ hlutar til þess manns, sem eftirlitið hefur, en taki hann laun úr ríkissjóði, rennur allt gjaldið í ríkissjóð.

4. gr.

Á ofangreind gjöld skal greiða verðlagsuppbót, eins og hún er ákveðin með lögum, þar til öðruvísi verður ákveðið.

5. gr.

Með reglum þessum eru reglur nr. 13 frá 15. janúar 1948, um laun skipaskoðunarmanna ríkisins, numin úr gildi.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 6. september 1949.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð um breyting á reglum, um starfrækslu og starfsmenn landsímans, frá 30. júlí 1945.

154

6. sept.

1. gr.

a-liður 3. gr. orðist þannig:

Þar sem þjónustunni er skipað í vaktir, sbr. c-lið 19. gr., og þjónustan nær fram yfir kl. 13.00, svo og hjá þeim, sem koma undir a-, b- og d-liði sömu greinar, skal matmálstíminn vera 1 klst. og falla á tímabilið kl. 11—15, enda telst matmáls-tími þessi ekki til vinnutímans.

2. gr.

Reglugerð þessi gildir frá 15. september 1949.

Samgöngumálaráðherrann, 6. september 1949.

Emil Jónsson.

Guðmundur Hliðdal.